

Umhverfis- og skipulagsráð

Ár 2017, miðvikudaginn 24. maí kl. 9:07, var haldinn 192. fundur umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12 - 14, 7. hæð. Kerhólum. Viðstaddir voru: Hjálmar Sveinsson, Karl Sigurðsson, Gísli Garðarsson, Sverrir Bollason, Áslaug María Friðriksdóttir, Herdís Anna Þorvaldsdóttir og Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir. Eftirtaldir embættismenn sátu fundinn: Ólöf Örvarsdóttir, Örn Sigurðsson, Björn Axelsson, Þorsteinn Hermannsson, Gunnar Már Jakobsson, Gunnar Hersveinn Sigursteinsson og Marta Grettisdóttir. Fundarritari er Erna Hrönn Geirsdóttir.

(A) Skipulagsmál

1. Afgreiðslufundir skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, fundargerð Mál nr. SN010070

Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, dags. 12. maí 2017.

2. Aðalskipulag Reykjavíkur, breyting vegna Borgarlínu, verklýsing, tillaga Mál nr. SN170149

Lagt fram að nýju bréf Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, dags. 14. febrúar 2017 ásamt sameiginlegri verklýsingu fyrir breytingar á aðalskipulagsáætlunum Garðabæjar 2004-2016, Hafnarfjarðar 2013-2025, Kópavogsbæjar 2012-2024, Mosfellsbæjar 2011-2030, Reykjavíkurborgar 2010-2030 og Seltjarnarnesbæjar 2006-2024, dags. febrúar 2017. Breytingin felst í innleiðingu Borgarlínu, nýju hágæðakerfi almenningssamgangna, í aðalskipulag sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Einnig er lögð fram umsögn Skipulagsstofnunar, dags. 24. mars 2017, umsögn Landsamtaka hjólreiðamanna, dags. 25. apríl 2017, umsögn skipulagsráðs Kópavogs, dags. 2. mars 2017, umsögn Samgöngustofu, dags. 30. mars 2017 og bréf Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, dags. 9. maí 2017 ásamt framvinduskýrslu COWI - valkostagreining Borgarlínu, dags. 1. maí 2017.

Lögð fram vinnslutillaga, ásamt umhverfismati, dags. maí 2017. fyrir breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, dags. 15. maí 2017 sem fjallar um afmörkun samgöngu- og þróunaráss fyrir Borgarlínu. Samþykkt að kynna drög að tillögu ásamt fylgigögnum, sbr. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Drögin verði send á eftirfarandi umsagnaraðila: Öll hverfisráð Reykjavíkur, Umhverfisstofnun, Minjastofnun Íslands, Vegagerðina, Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins, Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Samgöngustofu, Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, Ferðamálastofu, Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, aðliggjandi sveitarfélög, Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins Áslaug María Friðriksdóttir og Herdís Anna Þorvaldsdóttir samþykkja að kynna vinnslutillögu um borgarlínu. Verkefnið er á byrjunarstigi og byrjunarskrefin snúast fyrst og fremst um það að sveitarfélögin geri breytingar á sínu deiliskipulagi og taki frá sérými fyrir almenningssamgöngur. Ekki liggur fyrir hvers kyns farartæki keyrir svo í því sérými enda ekki vitað á þessu stigi, margt bendir þó til að þar verði ekki um lest á teinum að ræða heldur strætisvagna. Þróun borgarlínu er langtímaverkefni og svar við þeirri fjölgun fólks sem áætluð er næstu 25 árin, sem er 70 þúsund manns. Fjölgunin er því lík að útséð er með að gatnakerfið anni þeirri umferð ef ferðavenjur fólks verða óbreyttar.

Á þessu stigi liggur ekkert fyrir um kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga, né kostnaðarskiptingu milli sveitarfélaga enda þarf betri upplýsingar til að meta kostnaðinn. Þá er ljóst að önnur tækni gæti þróast hratt á fyrirhuguðum vinnslutíma verkefnisins sem fylgjast þarf grannt með. Þá vilja fulltrúar Sjálfstæðisflokksins taka það sérstaklega fram að þróun borgarlínu má ekki leiða til þess að nauðsynlegar umbætur á vegakerfinu verði settar í frekari bið því í framtíðinni mun bílum ekki endilega fækka heldur verða þeir í meira mæli vistvænni.

Sverrir Bollason vísar af fundi undir þessum lið.

Hrafnkell Proppé svæðisskipulagsstjóri og fulltrúi VSÓ Andrea Kristinsdóttir skipulagsfræðingur og Haraldur Sigurðsson deildarstjóri aðalskipulags taka sæti á fundinum undir þessum lið.

3. Bykoreitur, reitur 1.138, breyting á (01.138) Mál nr. SN160451
deiliskipulagi
070859-2119 Páll Hjalti Hjaltason, Gnitanes 10, 101 Reykjavík

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Plúsarkitekta ehf., dags. 3. júní 2016 varðandi breytingu á deiliskipulagi Bykoreits, reitur 1.138. Helstu breytingar eru að skilgreina fjölda íbúða samkvæmt AR 2010-30, skilgreina landnotkun í samræmi við stefnu í AR 2010-30 um aðalgötur ásamt hækkun á hæðarkvóta, skv. uppdr. Plúsarkitekta ehf., dags. 14. nóvember 2016. Tillagan var auglýst frá 7. desember 2016 til og með 6. febrúar 2017. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Skólaráð Vesturbæjarskóla, dags. 20. janúar 2017, Heiða Kristín Helgadóttir fulltrúi foreldra, dags. 20. janúar 2017, Guðmundur Ingi Guðbrandsson, dags. 23. janúar 2017, Ingi Elvar Árnason, dags. 23. janúar 2017, Kristinn Baldursson, dags. 23. janúar 2017, Alína Dubik og Zbigniew Dubik, dags. 23. janúar 2017, íbúasamtök Vesturbæjar, dags. 23. janúar 2017, húsfélag Sólvallagata 80-84 ásamt viðhengi 2, dags. 23. janúar 2017, Björn S. Stefánsson, dags. 23. janúar 2017 og Elísabet Jökulsdóttir, dags. 23. janúar 2017, Björn S. Stefánsson, dags. 24. janúar 2017. Einnig er lagður fram tölvupóstur Elísabetar Jökulsdóttur, dags. 22. janúar 2017 og 6. febrúar 2017, þar sem óskað er eftir frekari framlengingu á athugasemdarfresti. Einnig er lögð fram hljóðskýrsla verkfræðistofunnar Eflu, dags. 8. mars 2017, og uppdr. Plúsarkitekta, dags. 14. nóvember 2016, lagf. 23. maí 2017. Frestað.

Hildur Gunnarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

4. Hólavað 63-71, breyting á deiliskipulagi (04.741.6) Mál nr. SN170074
120944-2669 Kristinn Ragnarsson, Skaftahlíð 27, 105 Reykjavík

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Kjartans Hrafn Kjartanssonar dags. 31. janúar 2017 varðandi breytingu á deiliskipulagi Norðlingaholts vegna raðhúss á lóð nr. 63-71 við Hólavað. Í breytingunni felst breyting á byggingarmagni/nýtingarhlutfalli, m.a. að bæta við kvist og hækka hús, samkv. uppdrætti KRark., dags. 8. febrúar 2017. Tillagan var auglýst frá 1. mats til og með 24 apríl 2017. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Guðni Þór Sigurjónsson, dags. 20. apríl 2017 og 8 íbúar að Hólavaði 45-61, mótt. 23. apríl 2017. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 11. maí 2017. Samþykkt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 11. maí 2017. Vísað til borgarráðs.

Sverrir Bollason situr hjá við afgreiðslu málsins.

Borghildur Sölvey Sturludóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

5. Vesturgata 30, breyting á deiliskipulagi (01.131.2) Mál nr. SN170058
661107-0570 Hafnarstræti 1 ehf, Vesturgötu 32, 101 Reykjavík
590907-1030 GRÍMA ARKITEKTAR ehf., Hlíðarási 4, 221 Hafnarfjörður

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Grímu arkitekta ehf., mótt. 24. janúar 2017, varðandi breytingu á deiliskipulagi Nýlendureits vegna lóðarinnar nr. 30 við Vesturgötu. Í breytingunni felst hækkun á nýtingarhlutfalli og gera nýja byggingarreiti, fjölgun íbúða úr 3 í 8, niðurrif á viðbyggingu við íbúðarhús og niðurfelling á heimild um hækkun þess, verndun pakkhúss og verndun tveggja trjáa á lóðinni, samkvæmt uppdr. Grímu arkitekta ehf., dags. 24. janúar 2017. Tillagan var auglýst frá 13. mars til og með 24. apríl 2017. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Viðar Sigurjónsson og Ólöf Jónsdóttir, dags. 24. apríl 2017, Páll Kristjánsson, dags. 24. apríl 2017, Sigrún Toby Herman og Gunnar Þórðarson, dags. 24. apríl 2017, Stefán Ásgrímsson og Sif Knudsen, dags. 24. apríl 2017, Haraldur Anton og Valgerður Stella, dags. 25. apríl 2017 og Haukur Ingi Jónsson og Hafdís Þorleifsdóttir dags. 25. apríl 2017. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 22. maí 2017.

Samþykkt með þeim breytingum sem fram koma í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 22. maí 2017.

Vísað til borgarráðs.

Borghildur Sölvey Sturludóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

6. Norðurbrún 2, breyting á deiliskipulagi (01.352.5) Mál nr. SN170055
440703-2590 THG Arkitektar ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík

Lögð fram umsókn THG arkitekta ehf., mótt. 24. janúar 2017, varðandi breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 2 við Norðurbrún. Í breytingunni felst að hækka húsið um tvær inndregnar hæðir og breyta notkun hússins úr verslunarhúsnæði í atvinnuhúsnæði með íbúðum, allt að 30-90 m² að stærð, samkvæmt uppdr. THG arkitekta ehf., dags. 16. maí 2017, fjöldi íbúða yrði samtals 8 íbúðir. Einnig er lagt fram skuggavarp dags. 16. maí 2017.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs.

Lilja Grétarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

7. Öskjuhlíð, Perlan, breyting á (01.762.5) Mál nr. SN170102
deiliskipulagi
561204-2760 Landmótun sf., Hamraborg 12, 200 Kópavogur

Lögð fram umsókn Landmótunar f.h. lóðarhafa mótt. 7. febrúar 2017, varðandi breytingu á deiliskipulagi Öskjuhlíðar vegna lóðar Perlunnar nr. 1 við Varmahlíð. Í breytingunni felst að gera byggingarreit fyrir nýtt mannvirki norðan við Perluna sem er að mestu neðanjarðar og tengist núverandi byggingu, breyta staðsetningu á nýjum heitaveitutanki o.fl., samkvæmt deiliskipulagsuppdr. Landmótunar sf., dags. 11. maí 2017. Einnig er lagður fram skýringaruppdr. Landmótunar sf., dags. 11. maí 2017, og greinargerð Landmótunar sf., dags. 11. maí 2017.

Kynnt.

Björn Ingi Edvardsson verkefnisstjóri og fulltrúi Veitna Guðmundur Óli Gunnarsson tæknistjóri taka sæti á fundinum undir þessum lið.

8. Brautarholt 26 og 28, breyting á (01.250.1) Mál nr. SN170261
deiliskipulagi
710178-0119 T.ark Arkitektar ehf., Brautarholti 6, 105 Reykjavík
561208-0690 Karl Mikli ehf., Litlakrika 42, 270 Mosfellsbær

Lögð fram umsókn Karls Mikla ehf., mótt. 21. mars 2017, varðandi breytingu á deiliskipulagi Skipholtssreits vegna lóðanna nr. 26 og 28 við Brautarholt. Í breytingunni felst að bætt er við takmörkuðum byggingarreit við norðurhliðar Brautarholts 26 og 28 og við austurhlið Brautarholts 26 fyrir svalir og leyfilegt verður að koma fyrir þaksvölum á 2. hæð Brautarholts 28 með tengingu við bæði húsin. Fyrirhugað er að breyta efri hæðum hússins í íbúðir að hámarki 30 eða gistirými/hótel. Á jarðhæðum er að finna verslunar-, þjónustu- og geymslurými, samkvæmt uppdr. T.ark Arkitekta ehf., dags. 16. mars 2017. Einnig er lagt fram bréf T.ark Arkitekta ehf., dags. 21. mars 2017. Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Vísað til borgarráðs.

Jón Kjartan Ágústsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

9. Kárástígur 3, breyting á deiliskipulagi (01.182.3) Mál nr. SN170187
640306-0250 Vestinvest ehf, Bíldshöfða 14, 110 Reykjavík
110269-4399 Olga Guðrún B Sigfúsdóttir, Úthlíð 9, 105 Reykjavík

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Olgu Guðrúnar Sigfúsdóttur, mótt. 1. mars 2017, varðandi breytingu á deiliskipulagi reits 1.182.3, Kárástígsreits austur, vegna lóðarinnar nr. 3 við Kárástíg. Í breytingunni felst niðurrif viðbyggingar og heimild til að byggja nýtt hús í staðinn með sömu skilmálum og eru í gildi, samkvæmt uppdr. ARKHD dags. 2. mars 2017. Einnig er lagt fram bréf Olgu Guðrúnar Sigfúsdóttur, dags. 1. mars 2017. Tillagan var auglýst frá 24. mars til og með 5. maí 2017. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Arnheiður Bjarnadóttir og Júlíus Stígur Stephensen, dags. 4. maí 2017. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa 15. maí 2017. Samþykkt með þeim leiðbeiningum sem fram koma í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. maí 2017. Vísað til borgarráðs.

Guðlaug Erna Jónsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

(B) Byggingarmál

10. Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa, Mál nr. BN045423
fundargerð

Fylgiskjal með fundargerð þessari er fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 925 frá 23. maí 2017.

11. Drápuhlíð 38, Bílskúr - stigi niður í garð (01.713.007) Mál nr. BN052183
o.fl.
141076-3109 Freyr Halldórsson, Drápuhlíð 38, 105 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 31. janúar 2017 þar sem sótt er um leyfi til að byggja staðsteyptan bílskúr á vesturhlið húss, saga niður úr glugga á vesturhlið íbúðar 0101, koma fyrir hurð og stálbrú út á bílskúr og tröppur frá bílskúrspaki niður á lóð fjölbýlishúss nr. 38 við Drápuhlíð. Tillagan var grenndarkynnt frá 14. febrúar til og með 28. apríl 2017. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir:

Ásgerður Fríða Vigfúsdóttir og Fjölur Ernis Sigvaldason, dags. 10. mars 2017 og Brynhildur Sch. Thorsteinsson, dags. 11. mars 2017. Einig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. maí 2017.

Samþykki meðlóðarhafa fylgir erindinu. Lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa SN160442 dags. 10. júní 2016. Stærð bílskúr: 28,0 ferm., 88,2 rúmm. Gjald kr. 10.100

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. maí 2017 samþykkt.

Vísað til fullnaðarfgreiðslu byggingarfulltrúa.

Lilja Grétarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

(C) Fyrirspurnir

12. Eddufell 2-8, (fsp) uppbygging (04.683.0) Mál nr. SN170338
521015-1520 Óshæð ehf., Bergsmára 13, 201 Kópavogur
490216-0650 GP-arkitekt ehf., Litlubæjarvör 4, 225 Álftanes

Kynnt fyrirspurn GP-arkitekta ehf., mótt. 7. apríl 2017, varðandi byggingu 15 hæða turn á lóð nr. 2-6 við Eddufell með 50 íbúðum á 14 hæðum og þjónustu á 1. hæð. Einnig er lögð fram tillaga að uppbyggingu, ódags.
Kynnt.

Guðni Pálsson arkitekt og Lilja Grétarsdóttir verkefnisstjóri taka sæti á fundinum undir þessum lið.

(E) Umhverfis- og samgöngumál

14. Sorpa bs., fundargerð Mál nr. US130002
Lögð fram fundargerð Sorpu bs. nr. 375 frá 12. maí 2017.
15. Sorpa, vélræn flokkun plastics frá Mál nr. US170163
blönduðum úrgangi

Kynnt ákvörðun SORPU um vélræna flokkun plastics frá blönduðum úrgangi Greinargerð Sorpu um hirðu, flokkun og endurvinnslu plastics á höfuðborgarsvæðinu, dags. 1. maí 2017.
Fundargerð eigenda Sorpu 25. janúar 2017.

Umhverfis- og skipulagsráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur gerir alvarlegar athugasemdir við verklag stjórnar SORPU í því að fela framkvæmdastjóra að undirbúa eina leið í plastflokkun á höfuðborgarsvæðinu í trássi við fyrri ákvörðun eigendafundar SORPU frá 25. janúar sl. um að undirbúa verkefnahóp og halda kynningar- og umræðufund um fyrirkomulag flokkunar á höfuðborgarsvæðinu. Fer ráðið fram á að ákvörðunin verði tekin til umræðu og endurskoðunar á næsta eigendafundi SORPU.

Guðmundur B. Friðriksson skrifstofustjóri og Eygerður Margrétardóttir deildarstjóri taka sæti á fundinum undir þessum lið.

16. Fræðsluáttak og gjaldtökuheimild vegna Mál nr. US170162
notkunar nagladekkja.,

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngudeildar, dags. 15. maí 2017, um fræðsluáttak og gjaldtökuheimild vegna notkunar nagladekkja. Einnig

er lögð fram tillaga að lagaákvæði í umferðarlögum um heimild til gjaldtöku vegna notkunar negldra hjólbarða.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Áslaug María Friðriksdóttir og Herdís Anna Þorvaldsdóttir taka undir mikilvægi fræðsluáttaks í því skyni að takmarka notkun nagladekkja. Notkun nagladekkja er talin gríðarlega neikvæð fyrir umhverfið, heilsu og lífsskilyrði og allar tilraunir til að minnka notkun þeirra eru mikilvægar. Notkun nagladekkja hefur tengst umferðaröryggi frekar í hugum margra en umhverfismálum og það um langa hríð. Slíka viðhorfsbreytingu þarf því að undirbúa í miklu samráði við íbúa. Eins þarf að skoða hvort íbúar geti treyst á mokstur og vetrarþjónustu í sveitarfélaginu og að hvaða marki. Því telja fulltrúar Sjálfstæðisflokksins að við fyrirbyggjandi tillögu þurfi að bæta við ákvæði um að heimild um gjaldtöku verði aldrei samþykkt nema að helmingur íbúa hafi samþykkt það í undangenginni íbúakosningu. Slík kosning geti að sjálfsögðu verið rafræn. Íbúakosning af því tagi myndi einnig leiða af sér gríðarlega sterkt kynningarátak um skaðsemi nagladekkja og skilað miklum árangri.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi breytingartillögu:

Breytingartillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins Áslaugar Maríu Friðriksdóttur og Herdísar Önnu Þorvaldsdóttur er sú að aftan við fyrirbyggjandi tillögu bætist eftirfarandi ákvæði: "Heimild um gjaldtöku vegna nagladekkja verði aldrei samþykkt nema að undangenginni íbúakosningu í sveitarfélaginu þar sem að minnsta kosti helmingur íbúa styðji gjaldtöku. Slík kosning gæti verið rafræn."

Frestað.

17. Suðurgata, Stöðubann Mál nr. US170164

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngudeildar, dags. 18. maí 2017 þar sem lagt er til að sett verði stöðubann við austurkant Suðurgötu frá Kirkjugarðsstíg að Skothúsvegi. Samþykkt með fyrirvara um samþykki lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins sbr. 2. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

18. Óðinsgata 32, bílastæði Mál nr. US170166

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngudeildar, dags. 19. maí 2017, um að gera bílastæði að Óðinsgötu 32. Samþykkt með fyrirvara um samþykki lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins sbr. 2. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

19. Þangbakki 8, bílastæði Mál nr. US170167

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngudeildar, dags. 19. maí 2017, um að gera bílastæði að Þangbakka 8. Samþykkt með fyrirvara um samþykki lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins sbr. 2. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

(D) Ýmis mál

20. Fjárhagsáætlun 2018-2022, tíma- og verkáætlun Mál nr. US170084

Lögð fram endurskoðuð tíma- og verkáætlun fjármálaskrifstofu, dags. 12. maí 2017, vegna undirbúnings og vinnslu fjárhagsáætlunar 2018-2022.

21. Umhverfis- og skipulagssvið, yfirlit yfir innkaup Mál nr. US130118

Lagt fram yfirlit yfir innkaup umhverfis- og skipulagssviðs á verkum yfir milljón í mars 2017.

22. Umhverfis- og skipulagssvið, þriggja mánaða uppgjör Mál nr. US170165

Lagt fram þriggja mánaða uppgjör umhverfis- og skipulagssviðs janúar til mars 2017.

23. Umhverfis- og skipulagssvið, yfirlit yfir ferðakostnað Mál nr. US170113

Lagt fram yfirlit yfir ferðakostnað umhverfis- og skipulagssviðs fyrir tímabilið janúar til mars 2017.

24. Klapparstígur 19, Veghúsastígur 1, kæra (01.152.421) Mál nr. SN170039
9/2017, umsögn
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 18. janúar 2017 ásamt kæru þar sem kærð er synjun á breytingu á deiliskipulagi á Klapparstíg 19 og Veghúsastíg 1. Einnig lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra, dags. 18. maí 2017.

25. Laugarnesvegur 83, kæra 13/2017, (01.345.2) Mál nr. SN170070
umsögn, úrskurður
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 31. janúar 2017 ásamt kæru, vegna óleyfisframkvæmda við Laugarnesveg 83. Einnig lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra, dags. 1. febrúar 2017. Lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 2. maí 2017. Úrskurðarorð: Lagt er fyrir byggingarfulltrúa að taka til afgreiðslu erindi kæranda vegna framkvæmda á lóð Laugarnesvegar 83 sem beint hefur verið til embættisins.

26. Grundarstígsreitur, deiliskipulag (01.18) Mál nr. SN150738
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 11. maí 2017, um samþykki borgarráðs s.d. á svarbréfi skipulagsfulltrúa við athugasemd á auglýstri tillögu að breytingum á deiliskipulagi Grundarstígsreits.

27. Lambhagavegur 12 og 14, breyting á (02.498.1) Mál nr. SN160640
deiliskipulagi
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 11. maí 2017 um samþykki borgarráðs s.d. vegna auglýsingar á breytingu á deiliskipulagi Vesturlandsvegur-Hallar vegna Lambhagavegar 12 og 14.

28. Úlfarsárdalur, deiliskipulag

(02.6)

Mál nr. SN160431

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 11. maí 2017 um samþykki borgarráðs s.d. vegna auglýsingar á deiliskipulagi sem felst í uppbyggingu og stækkun Úlfarsárdalshverfis.

Fundi slitið kl. 13.50

Hjálmar Sveinsson

Karl Sigurðsson
Gísli Garðarsson
Herdís Anna Þorvaldsdóttir

Sverrir Bollason
Áslaug María Friðriksdóttir
Guðfinna J. Guðmundsdóttir

Afgreiðsla byggingarfulltrúa samkv. samþykkt nr. 161/2005

Árið 2017, þriðjudaginn 23. maí kl. 10.15 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 925. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2. hæð Borgartúni 12-14. Þessi sátu fundinn: Sigrún Reynisdóttir, Nikulás Úlfar Músson, Óskar Torfi Þorvaldsson, Halldóra Theódórsdóttir, Erna Hrönn Geirsdóttir, Jón Hafberg Björnsson og Sigríður Maack
Fundarritari var Erna Hrönn Geirsdóttir

Þetta gerðist:

Nýjar/br. fasteignir

1. Austurbakki 2 (01.119.801) 209357 Mál nr. BN052191
450314-0210 REYKJAVÍK DEVELOPMENT ehf., Lágmúla 7, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN048688, um er að ræða breytingar sem orðið hafa við fullnaðarhönnun, s.s. breytt stigahús og inngangar, innra skipulag og útlit, stækkun 3. og 4. hæðar, breyttar salarhæðir, auk breytinga á skráningu verslunar og skrifstofuhúsanna L1 og T4 á lóð nr. 2 við Austurbakka.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 17. febrúar 2007 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 17. febrúar 2017.
Stækkun: 138,3 ferm., 485,4 rúmm.
Gjald kr. 10.100
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.
Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.
Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífir áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins.
Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu.
Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verður þinglýst eigi síðar en við fokhaldi.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilið samþykki Vinnueftirlits ríkisins.
2. Árskógar 1-3 Mál nr. BN052908
490486-3999 Félag eldri borgara, Stangarhyl 4, 110 Reykjavík
Sótt er um takmarkað byggingarleyfi fyrir undirstöður, botnplötu og lagnir í grunn fyrir fjölbýlishús á lóð nr. 1-3 við Árskóga sbr. BN051288.
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Samþykktin fellur úr gildi við útgáfu á endanlegu byggingarleyfi. Vegna útgáfu á takmörkuðu byggingarleyfi skal umsækjandi hafa samband við yfirverkfræðing embættis byggingarfulltrúa.
3. Barðastaðir 25-35 (02.404.502) 178850 Mál nr. BN052825
420369-6979 Brynja, Hússjóður Öryrkjabandal, Hátúni 10c, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að stækka eldhús og búr og innrétta hluta anddyris sem skrifstofu í húsinu á lóð nr. 35 við Barðastaði.
Umsögn brunahönnuðar fylgir erindinu dags. 8 maí 2017
Gjald kr. 11.000

Frestað.

Vísað til athugasemda eldvarnareftirlits á umsóknarblaði.

4. Barónsstígur 25 (01.174.326) 101661 Mál nr. BN052890
670515-0360 Matador ehf., Þingholtsstræti 15, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta skilgreiningu gististaðar í flokk II, teg. xx, sjá erindi BN050401 í húsi á lóð nr. 25 við Barónsstíg.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
5. Barónsstígur 5 (01.154.412) 101139 Mál nr. BN052887
550506-1570 Baróns gisting ehf., Logafold 81, 112 Reykjavík
Sótt er að nýju um leyfi til að byggja svalir og innréttu gistiheimili í flokki II - tegund b í húsi á lóð nr. 5 við Barónsstíg.
Sjá erindi BN049325.
Bréf arkitekts dags. 16.05.2017 fylgir erindi.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
6. Bergþórugata 19 (01.190.218) 102421 Mál nr. BN052113
431116-0730 Heimasetur ehf., Bergþórugötu 19, 101 Reykjavík
130373-4299 Gréta Sandra Davidsson, Bergþórugata 19, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja svalir á 1. og 2. hæð og sameina báðar íbúðir í húsi á lóð nr. 19 við Bergþórugötu.
Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 23. mars 2017.
Gjald kr. 10.100
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.
Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verður þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
7. Bíldshöfði 9 (04.062.001) 110629 Mál nr. BN052828
421014-1590 Opus fasteignafélag ehf., Garðastræti 37, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að innrétta verslun í rými 0105 í húsi á lóð nr. 9 við Bíldshöfða.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
8. Bjarnarstígur 3 (01.182.224) 101876 Mál nr. BN050325
241068-5959 Soffía S Sigurgeirsdóttir, Bjarnarstígur 3, 101 Reykjavík
Sótt er um samþykki á áður gerðum breytingum sem felast í að fjarlægja stiga milli hæða í viðbyggingu næst götu og byggja stigahús inni garð við einbýlishús á lóð nr. 3 við Bjarnarstíg.
Erindi fylgir samþykki lóðarhafa Bjarnarstígs nr. 1 og nr 3 fylgir áritað á uppdrátt.
Stækkun: 9,9 ferm., 25 rúmm.
Gjald kr. 10.100
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Það athugist að um er að ræða samþykkt á áður gerðri framkvæmd sem gerð var án byggingarleyfis. Óvissa kann því að vera um uppbyggingu og útfærslu framkvæmdar. Hvorki er skráð verktrygging á verkið né ábyrgðaraðilar.

9. Borgartún 18 (01.221.001) 102796 Mál nr. BN052639
581008-0150 Arion banki hf., Borgartúni 19, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að útbúa flóttahurð á austurhlið 1. hæðar og til að breyta innra skipulagi, stækka hringstiga og fjölga vinnustöðvum á 2. og 3. hæð verslunar- og skrifstofuhúss á lóð nr. 18 við Borgartún
Erindi fylgir minnisblað um brunavarnir dags. maí 2017.
Gjald kr. 11.000
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
10. Drápuhlíð 36 (01.713.006) 107217 Mál nr. BN052838
190649-3939 Helga Benediktsdóttir, Drápuhlíð 36, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja staðsteyptan bílskúr við austurhlið lóðar upp við lóðarmörkum nr. 38 á lóð fjölbýlishúss nr. 36 við Drápuhlíð.
Bréf frá hönnuði dags. 9. maí 2017 fylgir.
Stærð bílskúr: 28,0 ferm., 85,4 rúmm.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Málinu vísað til skipulagsfulltrúa til ákvörðunar um grenndarkynningu. Vísað til uppdráttar 100 B0 dags. 9.5.2017.
11. Dunhagi 18-20 (01.545.113) 106483 Mál nr. BN052641
510209-0440 D18 ehf., Borgartúni 24, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að rífa bílskúra, byggja innndregna 4. hæð, byggja viðbyggingu við fyrstu hæð og kjallara, minnka og fjölga íbúðum úr 8 í 20, koma fyrir lyftu utan á húsinu og sorpgerði fyrir verslunarrými í norðvesturhluta lóðar nr. 18 - 20 við Dunhaga.
Niðurrif bílskúra mhl. 02 : 102,2 ferm., 324 rúmm.
Stækkun viðbyggingu kjallara, 1. hæð og 4 hæð : 1010 ferm., 2.548 rúmm.
Gjald kr. 11.000
Frestað. Nýjum teikningum dags. 18.5.2017 vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
12. Efstasund 50 (01.357.219) 104445 Mál nr. BN052818
220760-7749 Tryggvi Hallvarðsson, Efstasund 75, 104 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja tvílyft fjölbýlishús úr timbri með þremur íbúðum á lóð nr. 50 við Efstasund.
Stærð mhl. 01, A-rými: 261,6 ferm., 782,8 rúmm.
B-rými: 31,6 ferm., 126,9 rúmm.
hl. 01 samtals: 293,2 ferm., 1.004,2 rúmm.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísad til athugasemda á umsóknarblaði.
13. Elliðabraut 4-6 Mál nr. BN052900
141265-4829 Brynjar Einarsson, Drekafellir 60, 221 Hafnarfjörður
671106-0750 Þingvangur ehf., Hlíðasmára 9, 201 Kópavogur

Sótt er um leyfi fyrir aðstöðusköpun, stöðuleyfi fyrir vinnuskúra, gera jarðvegskönnun og girða af lóð nr. 4-6 við Elliðabraut.

Gjald kr. 11.000

Frestað.

Er í skipulagsferli.

14. Fákafen 11 (01.463.402) 105679 Mál nr. BN052776
420908-1560 ÞEJ fasteignir ehf., Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að innrétta kaffibar, bæta við snyrtingu og auka gestafjölda í veitingastað í flokki II - teg. c í húsi á lóð nr. 11 við Fákafen.
[Gjald kr. 11.000 + 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
15. Framnesvegur 40 (01.133.413) 100291 Mál nr. BN052832
451015-2300 Framnesvegur ehf., Krókamýri 56, 210 Garðabær
Sótt er um leyfi til að byggja fimm íbúða fjölbýlishús úr forsteyptum samlokueiningum á lóð nr. 42 við Framnesveg.
Stærð, A-rými: 441,4 ferm., 1.304,2 rúmm
B-rými: 22,4 ferm., 62,7 rúmm.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
16. Framnesvegur 42 (01.133.414) 100292 Mál nr. BN052831
451015-2300 Framnesvegur ehf., Krókamýri 56, 210 Garðabær
Sótt er um leyfi til að byggja fjögurra íbúða fjölbýlishús úr forsteyptum samlokueiningum á lóð nr. 42 við Framnesveg.
Stærð, A-rými: 446 ferm., 1.319,7 rúmm
B-rými: 19,7 ferm., 55,1 rúmm.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
17. Freyjubrunnur 29 (02.695.503) 205733 Mál nr. BN052856
441192-2159 HH byggingar ehf., Lágmúla 6, 108 Reykjavík
Sótt er um breytingu á erindi BN034756 sem felst í því að fella út glugga í kjallara og stoðvegg á suðausturhlíð í húsi á lóð nr. 29 við Freyjubrunn.
Gjald kr. 11.000
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.
Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
18. Freyjubrunnur 31 (02.693.803) 205734 Mál nr. BN052907
520515-1000 Mánalind ehf., Lágmúla 6, 108 Reykjavík
Sótt er um takmarkað byggingarleyfi fyrir undirstöður, botnplötu og lagnir í grunn fyrir fjölbýlishús á lóð nr. 31 við Freyjubrunn sbr. BN052368.
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Samþykktin fellur úr gildi við útgáfu á endanlegu byggingarleyfi. Vegna útgáfu á takmörkuðu byggingarleyfi skal umsækjandi hafa samband við yfirverkfræðing embættis byggingarfulltrúa.

